

1902

73

Sektir falla hálfar til uppljóstrarmanns, ef til er, en hálfar í sýslusjóð, 2. apríl en ella fellur sektin öll í sýslusjóð.

12. gr.

Hreppstjórar og sýslumaður skulu hafa nákvæmt eptirlit með, að reglugjörð þessari sje fylgt.

13. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar hún birtist í stjórnartíðindunum og er með henni úr gildi numin Reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um lækningu hunda af bandormum, sem samþykkt var af sýslunefndinni 9.—14. marz 1894.

Framanrituð reglugjörð var samþykkt af sýslunefnd Húnavatnssýslu á aðalfundi hennar 10.—15. marz 1902.

Skrifstofu Húnavatnssýslu 2. apríl 1902.

*Gísli Ísleifsson.*

74

10. júlí

## Reglugjörð

um fjallskil og refaveiðar í Norðurmúlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Norðurmúlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður eru eitt fjallskilaumdæmi. Hver hreppur er deild út af fyrir sig, og kaupstaðurinn ein. Sýslunefndin hefir yfirstjórn allra fjallskila sýslunnar, en hreppsnefnd framkvæmd þeirra í hverjum hreppi og bæjarstjórnin yfirstjórn og framkvæmd í kaupstaðnum.

I. Um fjallskil.

2. gr.

Sveitarstjórnin í hverri deild hefir heimild til að annast um að þeir fjáreigendur, sem ekki hafa nægilegt upprekstrarland fyrir sig, fái upprekstur annarstaðar. Er hver fjáreigandi skildur til að reka fje sitt á fjall, samkvæmt því sem sveitarstjórn kann að skipa fyrir, nema hann hafi útvegað sjer upprekstarland annarstaðar. Sveitarstjórnin í hverri deild getur samið reglur um notkun upprekstrarlands. Hagatoll má ákveða alt að 4 aurum fyrir hverja kind.

3. gr.

Hver fjáreigandi skal hafa eyrnamark á fje sínu og ef hann vill eða, ef mark verður óglögg, brennimark eða önnur skýlaus einkenni. Auk þess skal hann merkja allt fje sitt veturgamalt og eldra, sem hornótt er, framan á hægra horni með brennimarki þeirrar deildar, sem hann verður heimilisfastur í í fardögum. Sama eyrnamark má hann hafa á hestum sínum. Mark sitt skal hann hafa svo skýrt, að auðþekkt sje. Hver deild skal hafa brennimark. Eyrnamark má hún og hafa.

4. gr.

Brennimörk deildanna skulu vera þessi:

Í Skeggjastaðahreppi . . . . .	N. 1.
- Vopnafjarðahreppi . . . . .	N. 2.
- Jökuldalshreppi . . . . .	N. 3.
- Hlíðahreppi . . . . .	N. 4.
- Tunguhreppi . . . . .	N. 5.
- Fellahreppi . . . . .	N. 6.
- Fljótsdalshreppi . . . . .	N. 7.
- Hjaltastaðahreppi . . . . .	N. 8.
- Borgarfjarðahreppi . . . . .	N. 9.
- Loðmundarfjarðahreppi . . . . .	N. 10.
- Seyðisfjarðahreppi . . . . .	N. 11.
- Seyðisfjarðarkaupstað . . . . .	N. 12.

**74**  
10 júlí

Má og vera fyrst um sinn Nm. 1, o. s. frv.

5. gr.

Hver sveitarstjórn skal safna mörkum til nýrrar markaskrár að minnsta kosti 5 hvert ár, eptir ákvörðun sýslunefndar. Skal hver markeigandi skýra greinilega frá mörkum sínum. Sýslunefndin sjer um niðurröðun markanna og prentar markaskrár. Hver markeigandi borgar 25 auru fyrir hvert mark í sýslusjóð og sendir þá með markinu til þess, sem mörkunum safnar í hans sveitarfjelagi, en sýslusjóður kostar svo útgáfu markaskrárinnar. Um leið og nýrri markaskrá er útbýtt, falla gömlu markaskrárnar úr gildi sem sömmunargagn fyrir eignarrjetti til fjár.

6. gr.

Þegar einhver tekur upp mark, eptir að safnað er mörkum til markaskrár og áður en til nýrrar er safnað, eða kemur með markið inn í fjallskilum-dæmið, þá skal hann fyrir 15. júní tilkynna það oddvitanum í sinni deild, Hverju marki skulu fylgja 50 aurar. Hreppsnefndaroddivitar skulu fyrir lok júnímánaðar ár hvert senda oddvita sýslunefndar skýrslu um mörkin, ásamt borguninni, skal hann svo sjá um að mörkin sjeu prentuð og þeim útbýtt í sveitunum. Leiðrjettingar á rangprentuðum mörkum skal sýslusjóður kosta.

7. gr.

Þrennar skulu vera löggöngur hvert haust, með viku millibili eða því sem næst. Skal byrja hina fyrstu í allri Norðurmúlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað mánudaginn í 22. viku sumars. Ef veður bannar göngur eða ónýtir á rjettum göngudögum, skal taka hinn næsta dag, er veður leyfir. Ef sveitarstjórn þykir ástæða til, vegna iskyggilegs tíðarfars, fjármarkaða eða annara orsaka, getur hún skipað göngu fyr en ákveðið er og skulu menn skyldir að hlýða því.

8. gr.

Skipa mega sveitarstjórnir eina eða tvær löggöngur hvert vor, þegar safna þarf geldfje til rýingar og skulu oddvitar sveitarstjórna koma sjer fyrirfram saman um göngudaga, þar sem samgöngur fjár eru sveita á milli.

9. gr.

Sveitarstjórn skal kveðja menn með gönguseðlum nógu snemma fyrir-

74 fram til hverra gangna, ákveða þar hverjir leggja skuli menn á hvert gangna-  
10. júlí svæði og kjósa gangnaforingja eða fela það á hendur hverjum flokki gangna-  
manna. Þar skal og nefna til þá menn, er fara skulu í rjettir næstu sveita, til  
að sækja fje sinnar sveitar, sömuleiðis þá, sem reka skulu fje til næstu sveita.  
Oddvitar þeirra sveita, er afrjettarlönd eiga saman, skulu í tíma hafa komið  
sjer saman um tilhögun alla á fjallskilum og fjárrekstrum milli sveitanna.

10. gr.

Skipa má sveitarstjórn aukagöngur, þegar hún álitur nauðsynlegt.

11. gr.

Enginn fjáreigandi, sem er í óháðri stöðu, má skorast undan að leggja  
menn í göngur, eptir fyrirmælum sveitarstjórnar. Leggi hann eigi liðngengan  
mann í göngur, varðar það sektum.

12. gr.

Á viðlendum afrjettum getur sveitarstjórn á kostnað sveitarsjóds látið  
byggja göngukofa, og tættur til að hýsa fje í.

13. gr.

Gangnaforingi stjórnar göngum og eru allir leitarmenn skyldir að hlýða  
honum. Skyldur er hann að skýra sveitarstjórn frá því, ef einhver hefir óhlýðn-  
ast honum, vanrækt að senda mann í göngur eða sent óliðngengan mann í þær.  
Óhlýðni við gangnaforingja varðar sektum. Sektum varðar og ef gangnaforingi  
vanrækir stöðu sína eða misbeitir henni.

14. gr.

Lögrjettir skulu vera í hverri sveit, þar sem verið hafa, eða þar sem  
sveitarstjórn ákveður og tiltekur hún hver gangnasvæði tilheyra hverri lögrjett.  
Þegar lögrjett skal byggja eða bæta, kveður sveitarstjórn búendur til þeirra  
starfa. Til lögrjettar hvernar skal reka alt fje af því svæði, er heyrir lög-  
rjettinni til.

15. gr.

Sveitarstjórn skal skipa rjettarstjóra á hverri lögrjett. Hann skal sjá  
um að dráttur á fjenu fari fram fljótt og skipulega og rádstafa rekstrum og  
vafafje og óskilafje; yfir höfuð skal hann sjá um góða reglu á rjettinni, og  
varðar óhlýðnin sektum.

16. gr.

Vafafje er það fje, sem mark finnst eigi á í gildandi markaskrá og  
ómerkingar, er ekki eiga mæður á rjettum.

17. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að láta selja vafafje á opinberu uppboðsþingi á  
rjettum eða svo fljótt, sem því verður við komið. Heimilt er og sveitarstjórn að  
láta selja óskilafje, en tilkynna skal hún eiganda það sem fyrst.

18. gr.

Fyrir nóvembermánaðarlök skal hver hreppstjóri senda oddvita sýslunefndarinnar skýrslu um allt vafafje, er selt hefir verið í hreppi hans, ásamt 30  
aurum í auglýsingakostnað fyrir hverja kind. Oddviti sýslunefndarinnar skal

sjá svo um að skýrsla um vafafjeð sje birt í einu lagi í einhverju útbreiddu frjettblaði fyrir lok desembermánaðar.

74  
10. júlí

#### 19. grein.

Fram að fardögum næstu geta menn sannað eignarjett sinn að andvirði vafafjár, að frádregnum kostnaði. Sanni engin eignarjett sinn, rennur andvirðið í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

#### 20. grein.

Þeir sem taka við rekstrum hjá haustrjettum, skulu reka þá þangað, sem rjettarstjóri ákveður. Sveitarstjórn skal ákveða rekstrarleið. Ef ágreiningur verður um rekstrarleið milli sveita, sker sýslunefnd úr eða sýslunefnd og bæjarstjórn.

#### 21. grein.

Rekstrar skulu ganga bæ frá bæ svo greiðlega sem kostur er á, og skal gæta góðrar meðferðar á fjenu. Ill meðferð á rekstrum varðar sektum, svo og ef þeim er sleppt eða af þeim týnt.

#### 22. grein.

Nú fer einhver í eptirleit ótilkvaddur af sveitarstjórn eptir Marteinsmessu, og finnur fje, skal hann þá hafa í fundarlaun  $\frac{1}{3}$  af virðingarverði lambs,  $\frac{1}{4}$  af verði veturgamallar kindar og dilká og  $\frac{1}{6}$  af verði eldri sauða. Skal verðið ákveðið eptir mati tveggja óvilhallra manna.

#### 23. grein.

Þegar áfelli dettur á milli gangna eða eptir göngur, svo að hýsa þurfi og gefa utansveitarfje, þá skal þar hirða, sem það er statt, nema sveitarstjórn skipi öðruvísi fyrir, þangað til kostur er á að koma því til eiganda. Borgun fyrir hjúkrun þess fjár má greiða þeim, er það taka, eptir saungjörnum reikningi. Skal sá, er fjeð íóðrar og hirðir, eiga aðgang að sinni sveitarstjórn með borgun fyrir kostnað sinn. Hún skal aptur eiga aðgang að sveitarstjórninni þar sem fjeð á heima, og skal hún láta fylgja reikningnum yfir kostnaðinn, skrá yfir mörk á kindum þeim, er kostnaðurinn leiddi af.

## II. Um refaveiðar.

#### 24. grein.

Allir sem fjárskil eiga að inna af hendi, skulu skyldir að taka þátt í grenjaleitum eptir ákvæðum sveitarstjórnar. Sveitarstjórn getur á víðlendum fjallasvæðum skipað fyrir um sameiginlega grenjaleit og tilnefnt leitarforingja á sama hátt og við venjulegar fjallagöngur. Óhlýðni gegn fyrirmælum sveitarstjórnar varðar sektum, svo og ef óliðgengur maður er lagður í leit. Ef þörf krefur, má sveitarstjórn ráða kunnuga menn til grenjaleita, gegn þóknun úr sveitarsjóði.

#### 25. grein.

Sveitarstjórnir skulu útvega skotmenn nó u snemma vor hvert. Jafn-skjótt og gren finnast, skal tafarlaust gjöra skotmanni advart um það. En þang-

**74** að til næst til hans, skal varast allan umgang um grenið og allt er styggja 10. júlí kynni tóurnar.

Búanda, er gren finnst í landi hans, er skylt að leggja til vökumann á gren með skotmanni, ef skotmaður kýs, ella ræður hann sjálfur vökumann. Eigi má skotmaður fara af greni fyr en 3 sólahringar eru liðnir frá því, er hann kom þar, nema hann hafi alunnið það, eða hreppsnefnd leyfir, nema veikindi eða önnur forföll neyði til. En vökumaður annast gren eptir fyrirmælum skotmanns. Sektum varðar ef út af er brugðið.

26. grein.

Skotmaður skal fá 3 kr. fyrir fyrra dýrið, sem hann vinnur og 6 kr. fyrir hið síðara og 1 kr. fyrir hvern hvölp. Auk þess hefir skotmaður 3 kr. fyrir hvern sólahring, sem hann liggur á greni, svo og endurgjald fyrir ferðakostnað, ef sjerstaklega stendur á, en fæða skal hann sig sjálfur. Sömu daglaun hefir vökumaður og fæðir sig.

27. grein.

Refum skal eyða með eitri (Strychnin), og skal til þess bera út eitrad æti, svo sem rjúpur, kindur í heilu líki, annað kjöt, silúng og fisk og þess háttar. Af eitruðum rjúpum skal stýfa hægri væng til hálf, samkvæmt lögum 15. febr. 1895. Sveitarstjórn segir fyrir um eitrun og útburð ætis og skal sveitarstjórnin skipa hæfa menn til að framkvæma það.

28. grein.

Allan kostnað við refaveiðar skal borga af sveitarsjóði, en skyldir eru þó búendur endurgjaldslaust að bera eitrad æti út í heimalönd sín og nálægar afrjettir.

29. grein.

Nú sýnir einhver maður í sýslunni (kaupstöðunum) dugnað í því, að eyða refum á annan hátt, en með eitri, svo sem með skotum, gildrum eða bogum eða dýrhundi, skal þá borga úr sýslusjóði (bæjarsjóði) 6 kr. fyrir hvert dýr. Hækka má borgunina allt að 10 kr., ef sami maðurinn vinnur fleiri en 10 tóur á sama ári á þennan hátt. En eigi fæst fjeð útborgað, nema að oddvita sje sýnt skinnið; sker hann þá mark í ilveginn og gefur síðan vottorð um.

30. grein.

Sveitarstjórnin skal safna skýrslum um öll gren. Skal þar talið nafn á öllum grenjum og í fáum orðum lýst landslagi umhverfis þau. Skýrsla þessi skal endurnýjuð 5. hvert ár, þegar ártal endar á 5 eða 0, og þá innfærð í sveitarbækur og sýslunefnd sent eptirrit af henni. Svo skal og sveitarstjórn skylt að hlaða vörðu að haustlagi við öll gren. Sömuleiðis skal laga skemmd gren, sem auðunnin eru, en ónýta gren þau, er illt er að vinna, ef það er eigi því meiri kostnaði bundið.

### III. Ýmisleg ákvæði.

31. grein.

Heimilt er hverri sveitarstjórn að láta eigendur reka tryppi sín á afrjett,

ef þurfa þykir, og skipa nákvæmar fyrir um það. Sektum varðar ef brotið er gegn þeim ákvörðunum sveitarstjórnar. **74**  
10. júlí

## 32. grein.

Alla reikninga yfir kostnað, sem um er talað í reglugjörð þessari, skal hlutadeigandi sveitarstjórn rannsaka og laga, ef þörf þykir og samþykkja síðan, áður en borgað sje eptir þeim. Tekur sveitarstjórn kvittun fyrir allt það, sem borgað er af sveitarsjóði.

## 33. grein.

Öll afbrigði frá reglum, sem settar eru í reglugjörð þessari, varða sekt-um eptir málavöxtum, hvort sem þær eru nefndar hjer að framan eða eigi. Sektir skal ákveða minnst 2 kr., mest 200 kr. Uppljóstarmaður fær allt að helmingi sektarfjárins.

Með afbrot gegn reglugjörð þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

## 34. grein.

Nú ris ágreiningur út af ákvæðum reglugjörðarinnar og varðar ágrein- ingurinn Seyðisfjarðarkaupstað, skera þá sýslunefndin og bæjarstjórnin úr á- greiningnum á sameiginlegum fundi og ræður þar afl atkvæða.

## 35. grein.

Allar eldri reglugjörðir um fjallskil og refaveiðar í Norður-Múlasýslu, eru með reglugjörð þessari úr gildi feldar.

Framanrituð reglugjörð sem er samin af sýslunefndinni í Norður-Múla- sýslu og bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, var staðfest og löggilt samkvæmt lögum nr. 14 22. marz 1890 af amtsráði Austuramtsins á aðalfundi þess 28.—30. júní, og skal hún öðlast gildi 15. sept. 1902.

Islands Austuramt  
Akureyri 10. júlí 1902.

*Páll Briem.*

## Reikningur

**75**  
21. júní

»Ekknasjóðs drukknaðra manna í Borgarfjarðarsýslu« 1901.

Tekjur:

## 1. Sjóður við ársbyrjun:

a. Veðskuldabryjef . . . . .	kr. 100 00
b. Í Söfnunarsjóði . . . . .	— 2618 5
c. Í vörzlum gjaldkera (þar með taldir útborgun- arvextir 1900 í Söfnunarsjóði 100 kr. 37 a.) . . . . .	— 119 02
	<b>kr. 2837 55</b>

## 2. Tekjur á árinu 1901.

## a. Gjafir:

Frá Jóni Jónssyni í Tjörn . . . . .	kr. 2 00
Flyt: . . . . .	kr. 2 00
	<b>kr. 2837 55</b>